

Ed. 610. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 26 16. nóv. 1907, um skipan sóknarnefnda og héraðsnefnda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefnd skal halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins. Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sér oddvita úr sínum hópi, en að öðru leyti skipta nefndarmenn störfum með sér. Oddviti boðar fundi og stýrir þeim. Fundur er lögmaður, er $\frac{2}{3}$ sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara.

Sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skulu starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, uns tala sóknarmanna er 1000. Kjósa má tvo menn til viðbótar í sóknarnefnd fyrir hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en ellefu alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn, sem taka sæti í forföllum aðalmanna.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir til fjögurra ára. Á fyrsta aðalsafnaðarfundinum eftir að lög þessi öðlast gildi skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að tveimur árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni og skal dregið um hverjir ganga úr nefndinni, en hinn hlutinn að fjórum árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá annað hvert ár á víxl.

Kosningar skulu vera óhlutbundnar.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Á aðalsafnaðarfundinum skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina og annan til vara til fjögurra ára í senu. Á fyrsta aðalsafnaðarfundinum, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa safnaðarfulltrúa og varamann hans. Um kosningu þeirra og kjörngengi gilda sömu reglur og um sóknarnefndarmenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.